



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð, Ráðhúsi

Sendandi: Helgi Grímsson

Umsögn frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um útvíkkun félagsstarfs í Frosta - R18050226

BORGARRÁÐ 24. maí 2018: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um útvíkkun félagsstarfs í Frosta -

Lagt er til að Félagsmiðstöðin Frosti útvíkki starf sitt og bjóði unglíngum í Skerjafirði upp á frístundastarf einu sinni í viku í tilraunaskyni.

Greinargerð:

Unglíngar í Skerjafirði þurfa að fara um langan veg til að sækja frístundamiðstöð auk þess sem strætótengingar við Vesturbæinn eru slæmar og því nauðsynlegt að koma til móts við þau með því að bjóða upp á frístundastarf í hverfinu og stað til að hittast á. Aðstaða er þegar til staðar í gamla Shellhúsinu og á Þorragötu.

Umsögn frá félagsmiðstöðinni Frosta í Vesturbæ

Félagsmiðstöðin Frosti þjónustar börn og unglínga á aldrinum 10-16 ára í Vesturbæ. Starfið fer að mestu leyti frá í aðstöðu Frosta sem er í Hagaskóla auk þess sem félagsmiðstöðin nýtir sér húsnæði frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar. Félagsmiðstöðin er vel sótt og vinnur í mjög góðu samstarfi við skólana í Vesturbæ.

Frosta þjónar stóru hverfi og frekar langt er fyrir þá sem búa í jaðri hverfisins að ganga í skóla/félagsmiðstöð fyrir 13-16 ára og á það jafnt við unglínga í Skerjafirði, gamla Vesturbæ eða úti á Granda.

Strætósamgöngur í hverfinu henta starfi félagsmiðstöðvarinnar vel. Leið 12 keyrir í gegnum stóra Skerjafjörð og leið 15 keyrir meðfram litla Skerjafirði, hægt er að skipta milli þeirra og komast bæði að Hagaskóla og Frístundamiðstöðinni Tjörninni.

Frosta sækir fjölbreyttur hópur unglínga og hafa unglíngarnir gaman af því að hitta skólafélaga sína í félagsmiðstöðinni. Í krafti fjöldans getur félagsmiðstöðin haldið úti fjölbreyttu klúbbastarfi og í stærra mengi er auðveldara fyrir unglíng að kynast vinum með svipuð áhugamál.

Lágmarkskröfur mönnunar á vaktir í félagsmiðstöð eru 3 starfsmenn á vakt. Það yrði mikill

kostnaður að opna félagsmiðstöð eingöngu fyrir unglunga í Skerjafirði. Sá kostnaður er ekki til í fjárhagsramma fyrir næsta ár. Einnig þyrfti að skoða kostnað varðandi húsnæði og búnað sem fylgir félagsmiðstöðvastarfi.

Við erum alltaf jákvæð fyrir því að bæta þjónustu út frá vel ígrunduðum hugmyndum þar sem stuðst er við rannsóknir og mikla þörf en eins og staðan er núna sjáum við ekki fram á að geta brugðist við því að hafa sérstaka opnun fyrir unglunga í sem búa í Skerjafirði.

Það er okkar reynsla að unglingar úr Skerjafirði sækja félagsmiðstöðina í þeirri mynd sem hún er í dag.

Við munum fylgjast vel með þróun byggðar í Skerjafirði og þegar þar myndast nýtt skólahverfi og uppbygging verður mikil þá er mikilvægt að búa til félagsmiðstöð þar í takt við grunnskólann.

Virðingarfyllt
Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

